




Umhverfis og skipulagssvið Akraness
Dalbraut 4
300 Akranes

Reykjavík, 27. nóvember 2024

Efni: Umsögn Veitna vegna auglýstrar tillögu fyrir Dalbrautarreit Norður.
Mál 733/2024

Veitur hafa fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir Dalbrautarreit Norður. Skipulagstillagan gerir ráð um 117-154 nýjum íbúðum á svæðinu og er þá miðað við að meginhluti íbúða verði hefðbundnar fjölskylduíbúðir, meðalstærð um 90-100 m². Skipulagssvæðið er um 1,9 ha að flatarmáli og nær yfir lóðirnar Þjóðbraut 9, 11, 13 og 13a, Dalbraut 10, 14 og 16. Um er að ræða þriggja til fimm hæða íbúðarbyggð og meginhluti hennar verður randbyggð umhverfis inngarð.

Um er að ræða verulega aukna uppbyggingu á svæðinu þar sem núverandi byggingar verða rifnar og nýjar byggingar munu koma í staðinn. Bílakjallari verður staðsettur undir húsum og húsagörðum. Veitur þurfa að styrkja stofn- og dreifikerfi til samræmis við breyttar aðstæður. Allar lagnir innan lóðamarka verða fyrir áhrifum, eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd.



Veitur áætla að tvöfalda hitaveitkerfið, skólþ og regnvatn verður aðgreint og vatnsveita styrkt með tillit til notkunar og brunavarna. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir lóð undir dreifistöð og að staðsetning verði unnin í samráði við Veitur.





Veitur leggja áherslu á áframhaldandi gott samstarf og óska eftir að fá upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir